

Bæjarráð ákveður, hvort auglýsa skuli til umsóknar stöður í 1.—22. flokki launasamþykkta bæjarins, en bæjarstjóri ákveður um slíkar auglýsingar að öðru leyti, þar á meðal hvernig auglýsa skuli.

Bæjarráð getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni, meðan hann rækir stöðuna, þannig að ekki verði að fundið.

Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveðið þar á um starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingu á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt nr. 158 20. sept. 1962 um stjórn bæjar-málefna Kópavogskaupstaðar og síðari breytingar á þeirri samþykkt.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júní 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Fastagjald.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þetta gjald innheimtist þó ekki fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

Fyrir hluta úr ári skal greiða sem heilt ár.

2. gr.

Vatnsskattur, skv. 1. grein, skal vera $2\frac{1}{2}\%$ af fasteignamati húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan skattinn.

3. gr.

Vatnsskattur, skv. 1. og 2. gr., skal innheimtast einu sinni á ári og er gjalddagi hans 1. júní.

Notkunargjald.

4. gr.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 5.00 fyrir hvern tenningsmetra vatns. Vatnsveitan ákveður hvort notk-

unargjald, skv. þessari grein, innheimtist mánaðar- eða ársfjórðungslega. Árleg mælisleiga skal vera kr. 200.00 fyrir hvern mæli.

5. gr.

Þæjarráð getur falið Rafveitu Vestmannaeyja mælaaflestur og innheimtu gjalda skv. 2. og 4. grein.

Vatn til skipa og báta.

6. gr.

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 20.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 100.00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum og kr. 200.00, ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum. Vatn til skipa skal staðgreiðast, nema um annað hafi verið samið fyrir fram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

7. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin og ef mælingu verður eigi við komið, skal greiða vatnsskatt eftir ákvörðun vatnsveitunnar í hverju tilfelli.

Stofngjöld.

8. gr.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur upp vatnsmæla á sinn kostnað.

9. gr.

Í stofngjöld skal greiða 7.5% af fasteignamatí húss. Hafi fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

10. gr.

Ef um sérstaklega langar eða kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húseigandi greiða það, sem talizt getur umfram eðlilegan kostnað.

11. gr.

Gjöld, skv. 9. og 10. gr., er heimilt að innheimta í þrennu lagi fyrir þau hús, sem fokheld eru fyrir 1. janúar 1968. Gjald dagar eru 1. júní 1968, 1969 og 1970.

12. gr.

Fyrir hús, sem fokheld verða eftir 1. janúar 1968, skal innheimta stofngjaldið í einu lagi áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

13. gr.

Þau tengigjöld, sem greidd hafa verið skv. eldri gjaldskrá, skulu dragast frá síðustu greiðslum stofngjalda, skv. 9. til 11. gr.

14. gr.

Framantalin gjöld skulu greiðast á skrifstofu bæjarsjóðs, nema að því leyti sem Rafveitu Vestmannaeyja kann að verða falin innheimta þeirra, sbr. 5. gr. Sá hluti gjaldanna skal greiðast á skrifstofu Rafveitunnar.

15. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak af ástæðum, sem taldar eru upp í 10. grein reglugerðar fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða kr. 500 í opunar- gjald áður en enduroppnun fer fram.

16. gr.

Bæjarráð getur hækkað framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig um allt að 100%, eða lækkað þau um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Fiskiðnaðurinn.

17. gr.

Bæjarráð getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi. Sú gjaldskrá verði þó innan þeirra takmarkana, sem um getur í 16. grein.

18. gr.

Þegar rætt er um fasteignamat í gjaldskrá þessari, er átt við núgildandi fasteignamat.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.**

1. gr.

Vatnsveita Vestmannaeyja er eign bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Heimili hennar og varnarþing er í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Vestmannaeyjakaupstaður hefur einkarétt á rekstri vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt, svo og til Vestmannaeyjahafnar.

3. gr.

Bæjarráð Vestmannaeyja fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Bæjarverkfræðingur eða annar, sem bæjarráð ákveður, sér um daglegan rekstur hennar.

4. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast skrifstofa kaupstaðarins allt reikningshald hennar. Reikningar skulu endurskoðaðir á sama hátt og aðrir reikningar bæjarsjóðs.

5. gr.

Bæjarsjóður Vestmannaeyja ber ábyrgð á öllum fjárhagslegum skuldbindingum vatnsveitunnar.